

Branko Tomasic o.fl. gegn Króatíu

Dómur frá 15. janúar 2009

Mál nr. 46598/06

2. gr. Réttur til lífs

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Líflátshótanir. Athafnaskyldur ríkis til að vernda líf.

1. Málsatvik

Kærendur eru Branko Tomasic, eiginkona hans, A, og börn þeirra, B, C og D. Þau eru króatískir ríkisborgarar, fædd 1956, 1963, 1985, 1995 og 2001 og búa í Cakovec í Króatíu. Fjórða barn Tomasic-hjónanna var dóttirin X. Í mars 2005 eignaðist X barnið Z með manninum Y sem hún var þá í sambandi við. Í ágúst 2006 myrti Y barnsmóður sína og barn.

X og Y höfðu búið saman á heimili Tomasic-hjónanna þar til í júlí 2005 þegar Y flutti út eftir rifrildi við aðra á heimilinu. X kærði Y fyrir líflátshótanir í janúar 2006. Y var sakfelldur í héraðsdómi þann 15. mars 2006 fyrir að hafa ítrekað hótad X að drepa hana, sjálfan sig og barn þeirra með sprengju. Hann var dæmdur í fimm mánaða fangelsi. Honum var einnig gert að sæta geðrænni meðferð meðan á afplánun stóð og eftir fangelsisvistina eftir því sem nauðsyn krefði. Áfrýjunardómstóll dró úr skyldubundinni meðferð Y og takmarkaði hana við afplánunartímann. Y afplánaði refsivist sína og var látinn laus 3. júlí 2006. Þann 15. ágúst 2006 skaut hann X og dóttur þeirra Z, en svipti sig síðan lífi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur studdu kvörtun sína við 2. og 13. gr. sáttmálans og héldu því fram að ríkið hefði ekki gripið til viðeigandi aðgerða til að vernda líf X og Z og ekki rannsakað með fullnægjandi hætti ábyrgð ríkisins á dauða þeirra.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Niðurstaða dómstóla í Króatíu og fyrirmæli um meðferð Y vegna geðrænna vandamála sýndi að yfirvöldum var ljós sú hættu sem X og Z stafaði af honum og að hættan var það alvarleg að allra skynsamlegra leiða hefði átt að leita til að vernda líf þeirra. Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að Y hefði ítrekað hótad að nota sprengju, og gæti vel hafa átt önnur vopn, var engin leit gerð á heimili eða ökutæki hans þegar við upphaf rannsóknar lögreglu. Þá stóð geðrannsókn á Y í of skamman tíma miðað við alvarleika hótana hans. Yfirvöldum hafði heldur ekki tekist að sýna fram á að hinni geðrænu meðferð hefði verið stjórnað með fullnægjandi hætti. Ennfremur voru gildandi lagareglur um meðferðina ófullnægjandi. Loks hafði Y ekki verið skoðaður áður en honum var sleppt úr fangelsi með tilliti til mögulegrar hættu á að hann léti verða af þeim gjörðum sem hann hafði hótad X og Z. Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið gripið til viðunandi aðgerða af hálfu yfirvalda til að vernda líf X og Z. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 2. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að vegna þeirrar niðurstöðu sem hann hefði komist að um brot gegn 2. gr. sáttmálans væri ekki þörf á að skoða kvörtun kæranda í ljósi 13. gr. sáttmálans.

Kærendum voru með vísan til 44. gr. sáttmálans dæmdar sameiginlega 40.000 evrur í miskabætur og 1.300 evrur í málskostnað.